




Frá starfi Lunga skólans.

Úthlutun Uppbyggingar- sjóðs Austurlands 2024

Sláturhúsinu menningarmiðstöð á
Egilsstöðum, þriðjudaginn 5. desember kl. 16:00



SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS



Efri mynd: Sinfóníuhljómsveit Austurlands í Tónlistarmiðstöð Austurlands.
Neðri mynd: Asparklæðning frá Skógarafurðum ehf.

Dagskrá

- Fundarstjóri:** Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings
- Tónlistarflutningur:** Sóley Prastardóttir og Sándor Kerekes
Fantasie op. 79 eftir Gabriel Fauré
- Ávarp:** Jónína Brynjólfsdóttir, forseti sveitarstjórnar Múlaþings
- Ávarp:** Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra
- Tónlistarflutningur:** Sóley Prastardóttir og Sándor Kerekes
Morceau de concours eftir Gabriel Fauré
- Ávarp:** Unnar Geir Unnarsson, formaður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Austurlands,
- Afhending styrkja:** Þuríður Lillý Sigurðardóttir, varaformaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og Tinna K. Halldórsdóttir, verkefnastjóri Uppbyggingarsjóðs Austurlands
- Tónlistarflutningur:** Sóley Prastardóttir og Sándor Kerekes
Siciliano úr Flautusónötu í E-dúr BWV 1035 eftir Johann Sebastian Bach
- Ávarp:** Þuríður Lillý Sigurðardóttir, varaformaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi
- Kaffiveitingar í boði Múlaþings

Ávarp ráðherra

Menningarlífið á Austurlandi endurspeglar landslag svæðisins og er allt í senn stórbrotið, kraftmikið og fagurt. Ég hef undanfarin ár lagt ríka áherslu á að vinna með Austfirðingum að uppbyggingu menningarlífs og ferðaþjónustu landshlutans í góðri samvinnu við heimamenn og er Uppbyggingarsjóður Austurlands einn af lykilþáttunum í því samstarfi. Sláturhúsið, er gekk í endurnýjun lífdaga fyrir þremur árum í samstarfi míns ráðuneytis og sveitarfélagsins er síðan mikilvæg stoð í að skapa vettvang fyrir menningarstarfsemi í landshlutunum.



Frá upphafi sóknaráætlunar 2015 hafa styrkir úr sjóðnum veitt mörgum áhugaverðum verkefnum byr undir báða vængi og hafa þau vakið eftirtekt langt út fyrir landshlutann. Fjölbreytni, metnaður og gæði skína í gegn þegar langur listi styrkþega í gegnum árin er rýndur.

Markmið okkar allra er að búa menningarlífinu um allt land sterka umgjörð til þess að sækja fram og í menningarsókn þeirri sem kynnt var á haustmánuðum 2021 segir að stuðla skuli að jöfnu aðgengi lista um allt land, fjölbreyttari valkostum fyrir atvinnufólk í listum, fleiri tækifærum til þátttöku í menningarstarfi og ríkari framboði viðburða. Við náum þessu fram með að efla grasrótina og tryggja góð vaxtarskilyrði. Ég óska öllum styrkþegum innilega til hamingju með úthlutunina og Austfirðingum öllum til hamingju með sitt öflugra starf á sviðum menningar, ferðamála og nýsköpunar.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir
menningar- og viðskiptaherra



Efri mynd: Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði.
Neðri mynd: Kaffi Kvörn kynnis vörur sínar á Matarmóti.

Ávarp varaformanns stjórnar

Til hamingju með daginn. Ég þakka fyrir fallegan tónlistaflutning og þakka einnig ráðherra menningar- og viðskipta Lilju Alfreðsdóttir fyrir að hafa verið með okkur, þökk sé tækninni.

Formleg afhending úr Uppbyggingarsjóði Austurlands er fyrir löngu orðin hefð og hátíðleg stund þar sem fólk nýtur þess að hittast og fara yfir málín. Styrkþegum óska ég til hamingju með styrkina og vona og veit að þeir nýtast vel til að framkvæma fyrirhuguð verkefni. Það er ánægjulegt og gefandi að sjá þann fjölbreytileika sem er hér á Austurlandi, bæði í nýsköpun í almennri atvinnuþróun, listum og menningu. Uppbyggingarsjóðurinn er okkur Austfirðingum einkar mikilvægur og ýtir undir grósku og nýsköpun landshlutanum öllum til heilla. Mörgum finnst það viðurkenning og ákveðinn gæðastimpill á starfi og uppbyggingu að fá styrk úr sjóðnum sem er jákvætt. Þá sem ekki fengu styrk í þetta skiptið hvet ég til að sækja um að nýju, nýta sér ráðgjöf hjá stafsmönnum Austurbrúar og gefa sér góðan tíma við að útbúa umsókn.

Eins og fram hefur komið hér í dag er þetta síðasta úthlutun á styrkjum úr núgildandi Sóknaráætlun Austurlands en samningstíma hennar lýkur í lok árs 2024. Sóknaráætlun er mjög mikilvæg fyrir Austurland sem og aðra landshluta og brýnt að halda áfram á svipaðri braut og verið hefur. Mikilvægt er að fleiri ráðuneyti taki þátt í nýrri Sóknaráætlun landshluta með beinu fjármagni og möguleikar á auknu fjármagni skoðaðir til eflingar atvinnulífs úti á landi, sérstaklega í þeim landshlutum sem lengst eru frá höfuðborgarsvæðinu. Við þurfum meðbyr til áframhaldandi vinnu við eflingu landsbyggðarinnar með fjölbreyttu og öflugum atvinnulífi.

Að lokum vill ég þakka öllum þeim sem hafa unnið að mati umsókna, bæði fagráðum og úthlutunarnefnd. Lestur fjölda umsókna í sjóðinn er mikil vinna. Þá vil ég þakka starfsmönnum Austurbrúar fyrir góða vinnu við ráðgjöf til umsækjenda og alla umsýslu sjóðsins.

Þuríður Lillý Sigurðardóttir
varaformaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi



Ávarp formanns úthlutunarnefndar

Nú er úthlutað úr Uppbyggingarsjóði Austurlands samkvæmt núgildandi Sóknaráætlun í síðasta sinn, en úthlutað hefur hefur verið árlega síðan 2015. Umsóknir að þessu sinni voru samtals eittundrað og fimmtán og voru veittir styrkir til sextíu og sjö verkefna. Alls var sótt um styrki að upphæð um 222 milljónir kr. en til úthlutunnar að þessu sinni voru 64,85 milljónir kr. Áætlaður heildarkostnaður allra verkefna sem sótt var um er nærri 660 milljónir kr. Styrkþegum óska ég innilega til hamingju og þakka fyrir góðar og metnaðarfullar umsóknir. Ég óska ykkur einnig velfarnaðar með næstu skref.

Það er víða gott að búa en til að samfélag vaxi og dafni, þurfa þau sem því tilheyrja að vera virkir þátttakendur í lífi og starfi. Í litlum samfélögum er ekki alltaf hægt að bíða eftir að einhver annar geri hlutina, stundum þarft þú að vera þessi einhver annar. Ég hef fulla trú á því að þau verkefni sem hér eru kynnt verði til þess að efla og virkja samfélagið hér á Austurlandi.

Fagráðin reyna eftir fremsta megni að horfa til þess að styrkja verkefni sem eru orðin fastur liður í lífi og starfi fólks hér fyrir austan en á sama tíma einnig veita verkefnum sem yta undir nýsköpun og grósku brautargengi. Eins hefur verið horft til þess að verkefni skiptist sem jafnast á milli hina dreifðu byggða landshlutans. Þetta getur oft verið mikill línudans og reynt á fagþekkingu og reynslu þeirra sem sitja í fagráðunum. Vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem setið hafa í fagráðum sjóðsins sérstaklega fyrir þeirra góða og óeingingjarna starf.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn úthlutunarnefndar fyrir samstarfið og starfsfólki Austurbrúar fyrir góða vinnu.

Unnar Geir Unnarsson
formaður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Austurlands




Tölfræði

Samtals var úthlutað **64.850.000 kr.**

Menning

33 verkefni

28.900.000 kr.



Stofn- og rekstrarstyrkir

3 verkefni

5.000.000 kr.

Atvinnuþróun og nýsköpun

31 verkefni

30.950.000 kr.

Alls bárust 115 umsóknir upp á 222 milljónir; 55 umsóknir á sviði atvinnu og nýsköpunar, 54 á sviði menningar og 6 um stofn- og rekstrarstyrki. Úthlutunarnefnd samþykkti styrkveitingar til 67 verkefna af þeim 115 sem sóttu um.

Til úthlutunar voru 64,85 milljónir. 30,95 milljónir fóru í 31 atvinnu og nýsköpunarverkefni, 28,90 milljónir til 33 verkefna í menningu og 5,00 milljónir til 3 stofn- og rekstrarstyrkja. Heildarkostnaður verkefnanna sem sótt var um taldi 659 milljónir. Umsóknum í sjóðinn fjölgaði um 15% milli ára, nokkuð jafnt milli flokka, sem endurspeglar grósku í atvinnu og nýsköpun, sem og frjótt menningarstarf á Austurlandi.



Efri mynd: Austurland Freeride Festival er árleg fjallaskíða- og snjóbrettahátíð á Austurlandi. Neðri mynd: Hreindýragarðurinn í Vínlandi er sá eini sinnar tegundar á Íslandi.



Frá starfi Lunga skólans.

Styrkþegar

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Sinfóníuhljómsveit Austurlands	Vortónleikar	3.500.000 kr.
--------------------------------	--------------	---------------

Sinfóníuhljómsveit Austurlands heldur tónleika vorið 2024 þar sem hún frumflytur nýtt verk eftir Dr. Charles Ross. Hljómsveitin pantaði tónverk frá Charles, sem er austfirskt tónskáld með doktorsgráðu í tónsmíðum frá háskólanum í Glasgow, á árinu 2021 og á þessum tónleikum má heyrja afraksturinn af því samstarfi. Einnig flytur hljómsveitin hina stórfenglegu sjöundu sinfóníu Ludwig van Beethoven á tónleikunum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Sinfóníuhljómsveit Austurlands	Sinfóníuhljómsveit Austurlands	1.000.000 kr.
--------------------------------	--------------------------------	---------------

Sinfóníuhljómsveit Austurlands var stofnuð í maí 2018 af sjö austfirskum hljóðfæraleikurum. Henni er ætlað að auðga og efla menningarlíf á Austurlandi og vera vettvangur fyrir austfirsku hljóðfæraleikara, langt komna hljóðfæranemendur, tónskáld, einleikara og kóra að starfa í eða með sinfóníuhljómsveit. Hljómsveitin heldur fjölbreytta og skemmtilega tónleika á Austurlandi og ýtir undir tónsköpun sem tengist landshlutanum auk þess að styðja annað listrænt starf og tónlistartengda fræðslu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

LungA	LungA 25 ára (Hvirfill)	3.000.000 kr.
-------	-------------------------	---------------

LungA HVIRFILL fer fram 8.-14. júlí 2024. Hvirfill vísar til þess hringrásarkerfi sem að hátíðin vill stuðla að ásamt því að vísa til hringrás listarinnar, skapandi kynslóðaskipta og stakkaskipta sem að lífið er fullt af. Hugmyndin er persónuleg vegna þess að skipuleggjendur hátíðarinnar eru að vinna að því að færa hátíðina niður hvirfillinn sem hún hefur ferðast um í gegnum árin. að þeim kjarna sem að hún spratt af árið 2000.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skógarafurðir ehf.	Kolefnishlutlaus framleiðsla viðarafurða - markaðssetning	2.500.000 kr.

Skógarafurðir ehf eru einstakt fyrirtæki á landsvísu með sjálfbæra og kolefnishlutlausa framleiðslu á viðarafurðum úr ört stækkandi íslenskum skógum. Markmiðið er að draga þessa umhverfisvænu sérstöðu betur fram með, umbúðahönnun, nýju markaðsefni og nýrri heimasíðu. Kynning á nýrri íslenskri vöru sem fer á markað á næsta ári verður lykilkáttur í að kynna nýja (re-branding) ásýnd vörumerkisins.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sköpunarmiðstöðin svf.	Fræ, sköpunareldhús	2.500.000 kr.

Sótt er um styrk til að fjármagna framkvæmd á Fræ, Sköpunareldhúsi, matvælaeiningu Sköpunarmiðstöðvarinnar sem samanstendur af vottuðu samfélagseldhúsi og kaffibar. Hönnunin er byggð á þarfagreiningar meðal íbúa nærsamfélagsins sem áhuga hafa á að nýta slíka aðstöðu og þörfum Kaffibrennslunar Kvarnar sem mun verða einn af lykilotendum aðstöðunar. Eldhúsinu og kaffibarnum er einnig ætlað að nýtast til matvælaframleiðslu, námskeiðahalds, matarkynninga og annara viðburða.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sköpunarmiðstöðin svf.	Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði	2.000.000 kr.

Sköpunarmiðstöðin er byggðaðróunarverkefni á sviði menningar, menntunar og atvinnusköpunar. Starfsemin leggur áherslu á samlegðaráhrif þessara sviða með það að markmiði að tryggja sjálfbærni samfélagsins og sporna þannig við fólksfækkun og skorti á atvinnutækifærum. Sköpunarmiðstöðin hyggst ná markmiðum sínum með því að byggja upp fjölbreytta og faglega aðstöðu til grundvallar starfseminni og skapa þannig hvetjandi umhverfi fyrir nýsköpun, menningar- og fræðslustarf.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
ARs Longa, samtímalistasafn ses.	Rekstrarstyrkur vegna Ars longa samtímalistasafns	2.000.000 kr.

Ars longa samtímalistasafn er sjálfeignarstofnun sem heldur um starfsemi og rekstur sjálfstæðs listasafns á Djúpvaggi. Stofnendur eru myndlistarmennirnir Sigurður Guðmundsson og Þór Vigfússon sem stýra faglegu starfi í samvinnu við sitjandi stjórn. Markmið Ars longa samtímalistasafns er að safna og varðveita listaverkæign eftir íslenska og alþjóðlega listamenn, vera leiðandi vettvangur alþjóðlegrar samtímalistar og efla samvinnu listamanna og fagaðila með metnaðrfullu sýningarhaldi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Dorota Joanna Burba	Kajakferðir í Vopnafirði	2.000.000 kr.

Kajakaferðir meðfram fallegum stöndum Vopnafjarðar í faðmi móður náttúru.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Listahátíðin List í ljósi	List í ljósi	2.000.000 kr.

List í ljósi er er einstök vetrarhátíð sem hlaut Eyrarrósina í febrúar 2019 og verður vonandi haldin í níunda skiptið 2024. Tilgangur hátíðarinnar er að lýsa upp fjörðinn með listaverkum, hátíðin tekur á mót fjölbreyttu listafólki ár hvert sem koma með eða búa til listaverk á staðnum sem dreifast utandyra um allan Seyðisfjarðarbæ. Hámark hátíðarinnar er þegar við slökkvum á öllum götu- og húsaljósum og mínútu seinna kveikjum við á listaverkunum sem lýsa upp fjörðinn með stórkostlegum hætti.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Austfirskar krásir	Láttu stjórnuna leiða þig	2.000.000 kr.

Austfirskar krásir styðja við matvælaframleiðendur á Austurlandi með því að koma vörum þeirra á framfæri í dagvöruverslunum fjórðungsins. Vörum er stillt upp á áberandi stað í verslunum undir merkingunni „Láttu stjórnuna leiða þig/Reach for the Austurland Star.“ Sameiginlegt átak Austfirska krása og matvælaframleiðenda á Austurlandi mun auka sýnileika, aðgengi og sölu á austfirskum matvælum, styðja við smáframleiðendur matvæla í fjórðungnum og gera austfirskri framleiðslu hátt undir höfði.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Lukasz Bogdan Stencel	Kaffibrennslan Kvörn í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarf.	1.800.000 kr.

Markmiðið er að hefja framleiðslu Kvarnarinnar í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði og að fullþróa framleiðsluumhverfi og framleiðsluferli brennslunar þar. Kaffibrennslan Kaffi Kvörn var stofnuð 2015 í Reykjavík og hefur getið sér orð sem einn helsti framleiðandi á hágæða sælkerakaffi. Vöruerkið Kaffi Kvörn stendur fyrir einstaka gæðavöru þar sem litið er á kaffibrennslu sem listhandverk. Tryggt framleiðsluumhverfi kaffibrennslunar er forsenda fyrir vexti og auknum starfsmannafjölda.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Björn Lúðvík Magnússon	Uppbygging Hreindýragarðsins í Vínlandi	1.500.000 kr.
------------------------	---	---------------

Hreindýragarðurinn er sá eini sinnar tegundar á Íslandi. Mikilvægt er að hafa hreindýragarðinn staðsettan á Austurlandi, því það er einmitt á því landsvæði sem hreindýr finnast á Íslandi. Með því að koma upp þessum einstaka ferðamannastað eflum við ferðaþjónustu Múlapingis og Austurlandi heilt yfir. Unnið er að því að bæta umhverfið í kringum garðinn, aðgengi gesta og auka sýnileika á þeirri þjónustu sem við höfum uppá að bjóða.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Elma Studio ehf.	Vöruhönnun og framleiðsla úr viðarafurðum	1.500.000 kr.
------------------	---	---------------

Markmið verkefnisins er að koma á fót framleiðslu á húsgögnum og annarri smávöru úr við og að vöruhönnun, efniviður og framleiðsla megi allt rekja til Austurlands. Dæmi um vörur eru skurðarbretti, borð, stólar og ýmislegt fleira. Elma Studio er söluaðili á vörum úr umhverfisvænum vörum frá Skandinavíu. Samhliða hefur verið unnið að því að koma á fót austfirskri vörulínu þar sem unnin eru húsgögn og aðrar viðarvörur úr austfirskum skógum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Hringleikur - sirkuslistafélag	Sæskrímslin	1.500.000 kr.
--------------------------------	-------------	---------------

Sæskrímslin er götuleikhússýning af stærri gerðinni sem frumflutt verður á Listahátíð í Reykjavík 2024 og í framhaldi sýnd um land allt, m.a. í Fjarðarbyggð. Sæskrímsli rísa úr sæ og ganga á land í þessari draumkenndu og um leið ágengu sýningu sem höfðar til breiðs áhorfendahóps. Innblástur verksins verður fenginn úr þjóðsagnaarfi Íslendinga. Sýnendur verksins er sirkuslistafólk í samstarfi við börn og ungmenni af svæðinu. Sirkushópurinn Hringleikur og Pilkington Props standa að verkinu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Minjasafn Austurlands	Kjarval á Austurlandi	1.500.000 kr.
-----------------------	-----------------------	---------------

Markmið verkefnisins er að draga fram tengsl Jóhannesar Kjarval við Austurland með því setja upp þrjár sýningar sem allar hverfast um listamanninn. Um er að ræða samstarfsverkefni þar sem Minjasafn Austurlands mun setja upp sýningu með persónulegum munum Kjarvals í sýningarsal Sláturhússins; Sláturhúsið mun setja upp fjölskyldusýninguna Kjarval í samstarfi við Borgarleikhúsið og Skaftfell mun sýna verk eftir Kjarval. Jafnframt verða þróuð fræðsluverkefni fyrir börn sem verða hluti af BRAS 2024.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Minjasafn Austurlands	Kvennasögusýning: Sumarsýning Minjasafns Austurlands	500.000 kr.
-----------------------	--	-------------

Í tilefni af kvennasöguþingi sem fyrirhugað er að halda á Egilsstöðum og Seyðisfirði í júní 2023 hyggst Minjasafns Austurlands, í samstarfi við fleiri stofnanir, setja upp sumarsýningu þar sem áhersla verður lögð á sögu kvenna. Á sýningunni verður ljósi varpað á afmarkaðan þátt í kvennasögu Austurlands með aðstoð gripa úr fjölbreyttum safnkosti safnsins og nútíma miðlunarleiðum. Sýningin mun kallast á við sýningar annarra safna á svæðinu sem einnig hyggjast fjalla um svipað efni á sama tíma.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Sauðagull ehf.	Hengifossís: Sölu- og markaðsátak	1.500.000 kr.
----------------	-----------------------------------	---------------

Til stendur að vinna markaðsgreiningu og útlit fyrir Hengifossíss til að koma honum á framfæri við væntanlega kaupendur, sem væru veitingahús, verslanir og neytendur. Um er að ræða eina ísinn sem framleiddur er á Austurlandi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Sabina Helvida	Luxury by Sabina	1.300.000 kr.
----------------	------------------	---------------

Luxury by Sabina framleiðir snyrtivörur úr gæðahráefni þar sem lögð er áhersla á að nýta lækningamátt íslenskra og bosnískra jurta auk þess sem vannýtt hráefni eins og hreindýratólg, sandur og þari eru notuð til að búa til fallegar og heilsusamlegar snyrtivörur. Eingöngu er unnið með gæðaolíur, án allra eiturefna. Luxury by Sabina vinnur í samstarfi við fyrirtæki og einstaklinga á Austurlandi við að þróa nýjar og spennandi vörur þar sem austfirskt hráefni gegnir lykilhlutverki.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Fjarðabyggð	Fjölbreyttar listasmiðjur og listsýningar í Fjarðabyggð 2024	1.000.000 kr.
-------------	--	---------------

Sumarið 2024 stendur Menningarstofa Fjarðabyggðar fyrir fjölbreyttri menningar-dagskrá í tengslum við listasmiðjur fyrir börn og listahátíðina Innsævi. Verkefnið er unnið í samstarfi við listafólk af svæðinu og aðra sem koma lengra að í listamannadvöl í Fjarðabyggð. Listafólk leiðbeinir í listasmiðjum, vinnur að sýningum og setur þær upp. Þetta er í fjórða sinn sem verkefnið á sér stað og verður dagskráin fjölbreytt en má þar m.a. nefna innsetningar, myndlistarsýningar, gjörningalist og tónleika.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Sláturhúsið menningarmiðstöð	Vor / Wiosna	1.000.000 kr.
------------------------------	--------------	---------------

Vor / Wiosna er árleg lista- og menningarhátíð þar sem áhersla er lögð samspil og samtal pólskra listamanna við íslenskt samfélag. Hátíðinni er ætlað að vekja upp spurningar um stöðu og sýnileika listafólksins innan hinna hefðbundnu ramma íslensku listasenuunnar og á hvern hátt menningarlegur bakgrunnur okkar speglast í listinni. Undirtitill hátíðarinnar 2024 er bóklíst og vísar til þess að áhersla þetta árið verður á ritað mál, bóklíst, skáldsagnagerð og ljóð.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Sláturhúsið menningarmiðstöð	Langt út / Far out	700.000 kr.
------------------------------	--------------------	-------------

Jazztónleikaröð í Sláturhúsinu /2024. Edgar Rugajs, gítarleikari og tónlistarkennari býður til sín innlendum og erlendum gestum í Sláturhúsið einu sinni í mánuði. Undirstaðan er jazztónlist en útsetning og nálgun verður síbreytileg eftir því hver kemur í heimsókn. Kúl jazz, rólegur jazz, frjáls jazz og allt í bland.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Sláturhúsið menningarmiðstöð	Sviðslistir - vinnustofur og námskeið	600.000 kr.
------------------------------	---------------------------------------	-------------

Dans, leikhús, handritaskrif, leikstjórn og tæknivinna. Á árinu 2024 mun Sláturhúsið standa fyrir fjölmörgum námskeiðum og smiðjum í sviðslistum fyrir börn og fullorðna. Við leikum okkur með leikhússformið, setjum upp sýningu og fræðumst um hinar mörgu hliðar sviðslistanna.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Sláturhúsið menningarmiðstöð	ROF - Agnieszka Sosnowska / Ingunn Snædal	600.000 kr.
------------------------------	---	-------------

Sýningin ROF skiptist í sjónrænan og ljóðrænan hluta og er samstarfsverkefni Agnieszku Sosnowsku og Ingunnar Snædal. Það byggir á samspili ljósmynda og ljóða sem vitnisburðar um þróun lands og eyðingu. Þær rannsaka þær svörfun sem vindur, sandblástur, vöxtur áa og flóð, frost og þíða, sauðfjárbreit, eldgos, ferðamennska, skriðuföll og skógarhögg hafa haft í för með sér. Ljósmyndir Agnieszku kallast hér á við frumsamda texta Ingunnar og mynda saman eina heild. Sýningarstjóri er Rag-nhildur Ásvalds

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Sláturhúsið menningarmiðstöð	Hreindýralandið	500.000 kr.
------------------------------	-----------------	-------------

Ljósmyndasýning í minningu Skarphéðins G Þórissonar sem hefði orðið sjötugur 20.6.2023. Skarphéðinn átti í fórum sínum mjög mikið af myndum af náttúru Austurlands. Líklega er á engan hallað þegar sagt er að safn hans sé einstakt á landsvísu. Þessar myndir tók hann í sínum fjölmörgu ferðum að kanna ferðir og háttalag hreindýra en þær eru þó ekki einvörðungu af þeim heldur hverju því sem fangaði hans listamannsauga.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Gjafagrindur ehf.	Fellikassi fyrir sauðfé	1.000.000 kr.
-------------------	-------------------------	---------------

Fellikassi er kassi eða renna að mestu úr stáli sem er hugsuð til þess að einfalda og léttla störf við rúningu á sauðfé. Fellikassa er komið fyrir kró í fjárhúsi þannig að auðvelt sé að beina sauðfé inn í kassann eitt í einu í gegnum hlið og er um leið tilbúið til uppstillingar fyrir rúningsmanninn sem getur þá látið kindina falla til sín beint í rétta rúningsstillingu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Jón Hilmar Kárasón	Skemmtun fyrir skemmtiferðaskip	1.000.000 kr.
--------------------	---------------------------------	---------------

Iceland Entertainment - Skemmtun fyrir skemmtiferðaskip er verkefni með það að leiðarljósi að bjóða uppá vandaða og faglega þjónustu fyrir farþega skemmtiferðaskipa í formi tónlistar, sagna og listsýninga sem bætur upplýfun þeirra af Austurlandi og skapar minningar fyrir gesti og atvinnu fyrir austfirskt listafólk.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Jón Tómas Svansson	Íslandshákarl ehf. Þróun á verkun og vinnslu	1.000.000 kr.
--------------------	--	---------------

Íslandshákarl ehf. vinnur að þróun og bættum aðferðum við verkun á hákarli. Ferlið er að kösun fer fram í lokuðum, hitastýrðum einingum og þurrkun fer fram í hitastýrðum þurrkklefa. Verkefni er þegar hafi og lofar árangur mjög góðu. Aðstöðu þarf að betrumbæta og þróa frekar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Kammerkór Egilsstaðakirkju	Tónskáld Lýðveldisins	1.000.000 kr.
----------------------------	-----------------------	---------------

Tónskáld Lýðveldisins eru tónleikar þar sem Kammerkór Egilsstaðakirkju mun ásamt einsöngvurum og hljóðfæraleikurum flytja dagskrá í tali og tónum sem helguð er íslenskum tónskáldum í tilefni 80 ára afmælis Lýðveldisins. Sérstakir tónleikar eru áformaðir fyrir yngri hlustendur í samvinnu við Tónlistarskólann á Egilsstöðum. Eitt tónskáldi verður þátttakandi í tónleikunum og segir frá tilurð síns tónverks og starfi tónskáldsins. Stefnt er að því að viðkomandi tónskáld hafi tengingu við Austurland.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Stofnun Gunnars Gunnarssonar	Ungt fólk og stafrænar loftlagsaðgerðir	1.000.000 kr.
------------------------------	---	---------------

Þátttaka ungs fólks í loftlagsaðgerðum er lykillinn því að stuðla að vitundarvakningu og betri hegðun til að mæta loftlagsvandnum. Verkefnið snýst um að virkja fólk á menntaskólaaldri til að taka þátt í stafrænni vöktun og fleiri verkþáttum DACCHE-verkefnisins sem stutt er af Norðurslóðaáætlun ESB. Reynt verður að draga fram sýn og hugmyndir ungs fólks og nýta stafrænar lausnir til að læra af reynslu fyrri kynslóða, skrásetja menningararf og leggja línur um aðgerðir til vitundarvakningar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Stofnun Gunnars Gunnarssonar	Rithöfundalest um Austurland	500.000 kr.
------------------------------	------------------------------	-------------

Rithöfundalestin er rótgróðið samstarfsverkefni aðila á Austurlandi sem standa fyrir upplestrum og skólaheimsóknum í þeim tilgangi að auka áhuga á bókmenntum, kynna ný verk og höfunda og stuðla að kynning á austfirskum höfundum og bæta tengslanet þeirra.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Ströndin Atelier ehf.	Ljósmyndadagar á Seyðisfirði 2024	1.000.000 kr.
-----------------------	-----------------------------------	---------------

Ljósmyndadagar á Seyðisfirði 2024 will offer a month-long program of photography workshops and events around the theme "Hér og Nú". Hosted by Ströndin Studio, these workshops will be taught by highly qualified international teachers in the field of art photography. The pedagogical program will be complimented by free public events including a community dinner, portrait events and photography presentations.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Tónlistarmiðstöð Austurlands	Upptakturinn á Austurlandi 2024	1.000.000 kr.
------------------------------	---------------------------------	---------------

Upptakturinn veitir börnum á Austurlandi tækifæri til að senda inn frumsamið lag og vinna að útsetningu undir leiðsögn tónlistarfólks af svæðinu. Höfundar verka fá aðgang að tónsmíðjum í Tónlistarmiðstöðinni og tækifæri til að hljóðrita demo í Studio Silo. Dómnefnd Upptaktsins velur svo einn tónsmíð sem þátttakanda í smíðjum á vegum Upptaktsins í Reykjavík þar sem ungir tónsmíðir fá frekari leiðsögn við útsetningu sem er síðan frumflutt af atvinnu hljóðfæraleikurum á Barnamenningarhátíð í Hörpu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Útgáfufélag Austurlands ehf.	Rafræn áskrift Austurgluggans og app - 2. áfangi	1.000.000 kr.
------------------------------	--	---------------

Uppsetning rafræns áskriftakerfis á vef og í appi fyrir vikublaðið Austurgluggann í gegnum vefinn Austurfrett.is ásamt endurnýjun á vefnum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Vaskur ehf	Rafhjólaeiga á Austurlandi	1.000.000 kr.
------------	----------------------------	---------------

Þetta verkefni mun stuðla að auknum möguleikum á afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu. Verkefnið mun reynast ferðaskipuleggjendum og öðrum hagsmunaaðilum mjög vel þar sem þetta mun auðvelda þessum aðilum að markaðssetja og þróa vörur og þjónustu sína án þess að þurfa að leggja út mikinn kostnað við að koma því á fót. Verkefnið mun verða samfélagslega ábataamt – ásamt því að vera mjög umhverfisvænt.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Skaftfell	Heiðin	900.000 kr.
-----------	--------	-------------

The Heath exhibition comprises recent photographs and videos by the renowned Seyðisfjörður-based, Canadian photographer Jessica Auer. Her work documents Route 93, also known as fjarðarheiði, the only entry by land to the town of Seyðisfjörður, a town important to the cultural and economic life of East Iceland. Stories and images of the heath road capture an important document of a unique place before the construction of a tunnel fundamentally alters the experience of the mountain pass.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Studio erindrekar ehf.	Annarsflokks gæða æðardúnn	875.000 kr.
-------------------------------	-----------------------------------	--------------------

Annarsflokks gæða æðardúnn er hönnunar- og rannsóknarverkefni á æðardúni sem telst ekki söluhæfur, og möguleikunum sem í honum felast. Slíkur dúnn er ekki alls ónýtur, hann hefur marga af kostum fyrstaflokks dúns; hann er hlýr, léttur og einangrandi. Verkefnið miðar að því að hanna vörulínu sem sýnir fram á notagildi annarsflokks æðardúns sem sjálfbærar og hagkvæmar kost fyrir æðarbændur og neytendur.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Jökuldalur slf.	Hönnun og markaðssetning á framleiðslu úr sveitinni	800.000 kr.
------------------------	--	--------------------

Verkefnið felst í því að hanna konsept, vörumerki, framsetningu, umbúðir, merkingar og vefsölu fyrir vörur úr héraði og seldar verða á Grund við Stuðlagil og í vefverslun.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Margrét Sigfúsdóttir	Sóknartækifæri ferðapjónustunnar í Mjóafirði	800.000 kr.
-----------------------------	---	--------------------

Margir vita af ferðapjónustunni í Mjóafirði en ekki vita allir hvað nákvæmlega er í boði og hvenær. Þetta er hægt að bæta og efla með markvissri vinnu og upplýsingagjöf í gegnum samfélagsmiðla á borð við Facebook og Instagram. Einnig er lögð áhersla á heimasíðu ferðapjónustunnar og auglýsingar í raunheimum. Sóknartækifæri ferðapjónustunnar í Mjóafirði liggur ótvírætt í stórefldri markaðssetningu, ekki síst ef horft er til möguleikans á vetrarferðapjónustu staðarins.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Reynir Helgi Kjartansson	Gróðurmold á Héraði	750.000 kr.
---------------------------------	----------------------------	--------------------

Í Leyningi í Eiðabínghá er komin vísir að fyrirtæki sem hyggst framleiða íslenska mold sem er fyrsta sinnar tegundar á Austurlandi. Hafin er uppbygging á aðstöðu til að geta byrjað að framleiða mold sem og skoða tæki til framleiðslunnar. Verkefnið felur í sér að blanda moldina, mæla hráefni sem eiga að fara í moldina sem gera að góðri gróðurmold. Næstu tvö til þrjú árin mun fyrirtækið þurfa að byggja upp alla aðstöðu og umgjörð til að geta hafið framleiðslu og sölu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Hlín Pétursdóttir Behrens	Fjallkona og fljóð	700.000 kr.
----------------------------------	---------------------------	--------------------

Fjallkonur og fljóð, hugmyndin um kvenleika, land og þjóð, sviðsett tónlistardagskrá flutt í Sláturhúsinu á Egilsstöðum, af söngkonum og hljóðfæraleikurum starfandi á Austurlandi. Verk eftir samtímatónskáld, flest eftir konur og fjalla þau um lífið í nútímanum í víðasta skilningi. Hefðir, rætur í fortíðinni, hlutverk og staða kvenna og karla, bernskan, amstur daglegs lífs og tengslin okkar á milli. Kvöldstund þar sem rúmast gaman og alvara, ærslagangur og drama, uppnám og fullkomið jafnvægi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Hlín Pétursdóttir Behrens	Tónlistarstundir	600.000 kr.
----------------------------------	-------------------------	--------------------

„Tónlistarstundir“ er afar farsæl tónleikaröð sem hefur farið fram í Egilsstaðakirkju og Vallaneskirkju að sumarlagi um rúmlega tveggja áratuga skeið. Fram kemur tónlistarfólk á Austurlandi, tónlistarnemendur af Héraði sem hafa nýlega lokið áfangaprófum sem og listamenn úr öðrum landhlutum og gestir að utan. Þannig birtir tónleikaröðin svipmynd af metnaðarfullu tónlistarlífi Austurlands hverju sinni en fær að auki góða gesti sem auka við listarflórana á svæðinu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Teresa Maria Rivarola	Spiderweb and heritage	700.000 kr.
------------------------------	-------------------------------	--------------------

“Spiderweb and heritage” puts in dialogue a woven heritage of Paraguay with Icelandic wool, and invites to connect with woven heritage of other cultures represented by people living in the fjords of the East. The puppet company Kunu`u Titeres, one of whose member reside in Seydisfjordur, will be traveling through Mulathing and Fjarðabyggðar with a Puppet play inspired by Paraguayan heritage called Ñanduti, attaching a storytelling-weaving workshop and the installation of a large spider web.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Fiskisúpa - Ljósmyndasósa	Apolline Alice Penelope Barra	600.000 kr.
----------------------------------	--------------------------------------	--------------------

Fiskisúpa - Ljósmyndasósa is a serie of events designed to invite photographers and visual artists to present their current work, sharing a free warm meal and talks with the community in various places in the East area. It is an invitation to regular community meetings, a base for dialogue, exchange and aim to energize and activate our various cultural venues. We are creating a collective “hyggeligt” moment around a free dinner (Fish soup and fresh bread) with guests photographers.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Bláa kirkjan sumartónleikar	Sumartónleikaröð Bláu kirkjunnar 2024	600.000 kr.
------------------------------------	--	--------------------

Sumartónleikaröðin Bláa kirkjan var stofnsett árið 1998 og hefur því verið haldið út í 25 ár. Um er að ræða tónleika sem fara fram í Seyðisfjarðarkirkju á miðvikudag-skvöldum í júlí og ágúst. Lögð er áhersla á að bjóða upp á fjölbreytta tónleika með klassískri tónlist, djass og blús, þjóðlagatónlist og léttari tónlist. Tónleikaröðin er mikilvægur menningarviðburður fyrir heimamenn sem og þá fjölmörgu gesti sem sækja Seyðisfjörð heim á sumrin.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

H.E. Trésmíða-vinnustofa ehf.	Framleiðsla línólíumálningar	600.000 kr.
--------------------------------------	-------------------------------------	--------------------

Markmiðið er að framleiða og selja línólíumálningu á Íslandi. Verkefnið er þegar komið vel á veg og er sótt um fyrir næstu skref til að geta komið vörunni á markað. Framleiðslan verður á Seyðisfirði og stuðlar að fjölbreyttari atvinnumöguleikum í litlum byggðakjarna á landsbyggðinni.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Jafet Bjarkar Björnsson	Klifurparadísin Austurland	600.000 kr.
--------------------------------	-----------------------------------	--------------------

Gerum Austurland að eftirsóttum áfangastað fyrir klifrara! Uppsetning klifurleiða á hömrum í og við Seyðisfjörð gerir það að verkum að Austurland verður nýr og spennandi áfangastaður klifrara, en klifur er vaxandi íþrótt á heimsvísu. Verkefnið felur í sér að setja upp klifurleiðir í firðinum og halda klifurnámskeið svo að öll áhugasöm geti komið, klifrað og notið þess sem Austurland hefur upp á að bjóða. Sérstaða svæðisins í Seyðisfirði er nálægðin við byggðina og alla nauðsynlega þjónustu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Soffía Mjöll Sæmundsd. Thamdrup	Aðeins kona	600.000 kr.
--	--------------------	--------------------

Verkefnið er 25 mínútna stuttmynd unnin af ungu kvikmyndagerðarfólki. Titill verksins er „Aðeins kona“ og fjallar um unga konu í upphafi tuttugust aldar í Fljótsdal, sem þráir að sanna gildi sitt í karlægu samfélagi sínu. Stutt lýsing handrits: „Þegar sækja þarf týnt fé af fjöllumunum, býðst ung sveitastelpa til þess að fara í ferðina í fylgd nágranna síns, en óvæntar tilfinningar breyta stefnu hennar.“ Spilar myndmál, Austfirski náttúran og femínskír undirtónar, stór hlutverk í verkinu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Tækniminjasafn Austurlands	Kvennasaga samfélaga - sýning	600.000 kr.
-----------------------------------	--------------------------------------	--------------------

Sýning sem varpar ljósi á hluta af sögu austfirskra kvenna. Sýningin er opnuð í tengslum við kvennasöguþing sem haldið verður á Austurlandi í júní 2024 og er byggð á samstarfi Minjasafns Austurlands og Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Hlutur kvenna hefur oft verið rýr í miðlun staðarsögunnar og tímabært að draga hann betur fram. Sýning Tækniminjasafnsins verður í útigalleríi sem er staðsett næst við Ferjuhúsið á Seyðisfirði en þar koma þúsundir ferðamanna á hverju ári.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Tækniminjasafn Austurlands	Uppvinnsla og hringrás - fræðsluverkefni	500.000 kr.
-----------------------------------	---	--------------------

Að bjóða upp á áhugavert fræðsluverkefni fyrir framhaldsskólanema. Verkefnið felst í að nemendur kanna sögu, tilurð og hlutverk tiltekins grips sem á áð grísjá úr safnkosti Tækniminjasafnsins og yrði annars hent. Þau vinna svo verkefni um mögulega uppvinnslu á gripnum, að finna honum ný eða breytt not í staðinn fyrir að farga honum. Þannig kynnast nemendur forsendum hringrásarhagkerfis, hönnunarhugsunar, sjálfbærnihugtaksins svo dæmi séu tekin. Verkefnið endar með kynningu eða sýningu nemenda.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Eastfjords Adventures ehf.	The Tour bus	500.000 kr.
-----------------------------------	---------------------	--------------------

East Fjords Adventures Tour bus is a portable meeting point and extension of our headquarters for our clients as well as a café / hang out and a storage for equipment needed for scheduled tours. It will be located at various points in the centre of Seyðisfjörður. We aim to create a nice atmospheric space in the bus that makes our clients feel welcome.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Eastfjords Adventures ehf	Eastfjords Adventures - Marketing	400.000 kr.
----------------------------------	--	--------------------

East Fjords Adventures is a tourism company that offers both organized and customized tours for groups in Seyðisfjörður and with intended expansion in East Iceland. Hiking, kayaking, cycling and mountain skiing/splitboarding will be available as well as jeep tours. The Tours will be lead by professional and experienced guides that are familiar with the area and work according to procedures that aim to deliver quality customer experience while ensuring maximum safety.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi	Útgáfa ljóðabóka árið 2024	500.000 kr.
----------------------------------	----------------------------	-------------

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi áformar að gefa út tvær ljóðabækur árið 2024. Fyrri bókin er eftir Antoníus Sigurðsson (1875-1941) sem fékk auknefnið Djúpvogsskald. Hún verður tuttugasta og fjórða bókin sem kemur út í floknum Austfirsk ljóðskáld. Síðari bókin er eftir Braga Björnsson frá Surtsstöðum í Jökulsárhlið. Verður hún þriðja bókin sem félagið gefur út eftir þetta snjalla ljóðskáld. Stjórn félagsins leggur áherslu á það eins og áður að bækurnar séu vandaðar að innihaldi og frágangi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Héraðsskjalasafn Austfirðinga	Saga konu - Margrét Sigfúsdóttir frá Skjögrastöðum	500.000 kr.
-------------------------------	--	-------------

Margrét Sigfúsdóttir frá Skjögrastöðum var merkileg kona. Hún átti um margt erfiða og sérstaka ævi, sinni lengst af kennslu á ýmsum heimilum í Fljótisdal en var að auki mikilvirkur rithöfundur og skáld og aflvaki í félagsmálum kvenna í sinni heimabyggð. Héraðsskjalasafn Austfirðinga vill segja sögu Margrétar með lítilli sýningu sem sett verður upp í Safnahúsinu á Egilsstöðum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Jóhanna Lárusdóttir	Sjálfbær vínframleiðsla með áherslu á uppskeru villtra berja	500.000 kr.
---------------------	--	-------------

Sjálfbær vínframleiðsla með áherslu á uppskeru villtra berja, er verkefni til eflingar fjölbreytni og upplifun gesta innlendra sem erlendra. Hugsað sem viðbót við þær tegundir áfengra drykkja sem framleiddir eru á Íslandi. Öðruvísi upplifun og kynning á bragðmikilli uppskeru á villtum berjum úr ósnortinni náttúru Mjóafjarðar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Jón Sigfinnsson	Vættir Íslands - Tölvuleikur	500.000 kr.
-----------------	------------------------------	-------------

Vinnuheit verkefnisins er „Vættir Íslands“. Um er að ræða tölvuleik sem fellur undir eftirfarandi leikjaflokka: Survival, base building og tower defence. Leikjaveröldin og saga leiksins mun vera innblásin af Snorra Eddu, vættum og norrænni goðafræði. Leikurinn mun snúast um hina klassísku baráttu góðs og ills. Spilun leiksins mun felast í því að byggja sér varnarvirki/skýli til að verjast hinu illa sem fer á stjá um nætur.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Leikfélagið Grímur	Fylgja	500.000 kr.
--------------------	--------	-------------

Fjórar kasóléttar vinkonur bíða spenntar eftir eigin babyshower-i. Hvenær skyldi það koma? Það hlýtur að fara koma? Plííííí komdu. Sviðsverkið Fylgja var unnið í Listaháskóla Íslands sem 2. árs verkefni Maríu Jóngerð af sviðshöfundabrot. Verkið er bæði hlægilegt og grátlegt og skoðar menninguna í kringum babyshower, væntingarnar til þess og dýnamík vinkonuhópa. Í verkinu leika þær Berglind Alda Ástþórsdóttir, Salka Gústafsdóttir, Selma Rán Lima og Sólbjört Sigurðardóttir.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Mjóeyri ehf	Austurland Freeride Festival	500.000 kr.
-------------	------------------------------	-------------

Austurland Freeride Festival er árleg fjallaskíða- og snjóþrettahátíð haldin á Austurlandi og notar Eskifjörð og Oddskarð sem bækiðvar. Hátíðin er bæði hugsuð fyrir byrjendur á fjallaskíðum/brettum og fyrir vana einstaklinga. Byrjendanámskeið verður á hátíðinni og skíðaferðir fyrir lengra komna. Ýmis konar menningarviðburðir verða í gangi á svæðinu eins og tónleikar, kvöldvökur og matarupplifanir.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Monika Frycova	Listahátíð í Reykjavík 2024 / VENUES in KIOSK 108	500.000 kr.
----------------	---	-------------

ART VENUES at KIOSK108 in Seyðisfjörður as a part of Listahátíð í Reykjavík 2024. Monika Frycova's performances + series of events by various artists will be organised in KIOSK 108 and during the summer 2024. /REYKJAVIK ART Festival is a biennial multidisciplinary festival with special focus on new commissions and the creative intersection of the arts in major cultural venues and unconventional spaces within and outside of Reykjavik./

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Ingibjörg Jónsdóttir	Námsskrá Náttúruskólans	425.000 kr.
----------------------	-------------------------	-------------

Náttúruskólinn sem staðsettur er á Austurlandi var formlega stofnaður í árslok 2021. Námskeið skólans eru fjölbreytt þar sem meðal annars er unnið er með náttúruna, menningararfleifið, félagsgreind, sjálfstraust og virkni nemenda þar sem í samvinnu er tekist á við ýmsar áskoranir. Til að auka skilvirkni og gæði námskeiða er mikilvægt að vinna eftir námsskrá og tengja inntak hennar við almennar aðalnámsskrár svo Náttúruskólinn styðji við markmið hinna ýmsu skólastiga, t.d. í náttúrugreinum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

DDT pönkviðburðir, félagasamtök	Austur í rassgati (Orientu im culus)	300.000 kr.
---------------------------------	--------------------------------------	-------------

Rokkhátíðin „Austur í rassgati“ eða „Orintu im Culus“ verður í Egilsbúð Neskaupstað í september 2024. Þetta er í fimmta sinn sem hátíðin verður haldin og hefur hún þótt takast bara þýsna vel. Á hátíðunum hafa komið fram tónlistarfólk og hljómsveitir eins og Austurvígstöðvarnar, DDT-skordýraeitur, Dusilmenni, Dúkkulísur, Fræbbblarnir, Gróa, Ína Berglind, Máni and the Roadkillers, Sárásótt, Tilurð, Una Torfa og Vinnie Vamos Band. Verið er að skipuleggja næstu hátíð en þar kemur Mugison fram.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Natural Soy Candles Workshop	Justyna Weronika Materna	300.000 kr.
------------------------------	--------------------------	-------------

The project's primary objective is to establish a workshop dedicated to crafting scented candles from natural soy wax. Scented candles have gained immense popularity, but unfortunately, a most of them are made from paraffin, a toxic substance. I aim to introduce a fresh and innovative product to the Eastern market - one that is healthy, natural, and eco-friendly. The design and scented offer will be inspired by the Eastern fjords, creating an environmentally conscious and aromatic experience.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Mosa Pálsdóttir ehf	Mosa Páls	300.000 kr.
---------------------	-----------	-------------

Mosa Pálsdóttir ehf. er nýstofnað fyrirtæki sem hefur hafið hönnun og framleiðslu á smávörum, svo sem minjagripum og ritföngum sem sækir innblástur m.a. frá Austurlandi og íslenski menningu. Hönnun og framleiðsla fer að mestu leiti fram innan fyrirtækis og til að sækja frekara fjármagn þarf að fara fram þarfagreining á vöruúrvali og tækjakosti í samstarfi við áhugasama endursöluaðila. Þá verður sett upp fullbúin sölusíða og unnið að markaðssetningu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Skjaldborg, hátíð íslenskra heimildarmynda	Skjaldbakan	300.000 kr.
--	-------------	-------------

Skjaldbakan skrifður um landið og býður upp á námskeið í heimildamyndagerð. Hún býður krökkum að horfa í kring um sig og skoða sitt nærumhverfi og sinn hversdagsleika í gegnum nýja linsu. Verkefnið gefur þeim tækifæri til þess að varpa sínum hugarheim á hvíta tjaldið og upplifa sig sem höfund verks í sal fullum af áhorfendum. Skjaldbakan vinnur með börnum á Patreksfirði, Seyðisfirði og í Reykjavík og býr þannig til tengingar þvert yfir landið.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Sveinn Kristján Ingimarsson	Sumartónleikar Djúpavogskirkju	300.000 kr.
-----------------------------	--------------------------------	-------------

Áætlað er að halda tónleikaröð í Djúpavogskirkju sumarið 2024 þar sem boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá. Um er að ræða 4 - 5 tónleika þar sem fram koma bæði listafólk frá Djúpavogi og nágrenni en einnig fólk annarsstaðar frá. Efnistökin verða fjölbreytt bæði hvað varðar stefnur og flytjendur en reiknað er með að í tímans rás verði hægt að bjóða upp á allt litróf tónlistarinnar, s.s. kórtónleika, klassíska tónlist, popptónlist, jazz, þjóðlagatónlist og svo mætti lengi telja.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Úlfar Trausti Þórðarson	Klassísk íslensk tónlist fyrir eldri borgara á Austurlandi	300.000 kr.
-------------------------	--	-------------

Ætlunin er að fara á hjúkrunarheimili viðs vegar um Austurland og færa eldri borgurum klassíska íslenska tónlist heim í stofu. Þannig fá þau tækifæri til að upplifa á ný gleði og góðar tilfinningar. Lögin verða flutt af söngvara við píanó- og fiðluundirleik.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Verkmenntaskóli Austurlands	Tæknidagur fjölskyldunnar 2024	300.000 kr.
-----------------------------	--------------------------------	-------------

Tæknidagur fjölskyldunnar hefur um árabil vakið athygli á mikilvægi tækni, nýsköpunar, vísinda og iðnaðar fyrir atvinnulíf og samfélag á Austurlandi. Fyrirtæki, stofnanir, skólar og frumkvöðlar af svæðinu kynna starfsemi sína á viðburði sem hentar öllum aldurshópum. Nýsköpunarkeppni grunnskólanna hefur öðlast sess sem stór hluti Tæknidagsins. Á Tæknideginum 2022 fór verðlaunaafhending Nýsköpunarkeppinnar fram ásamt því að nemendur kynntu verkefni sín. Verður sá háttur hafður á áfram.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
------------	----------	---------------

Jón Haraldsson	Safn um sögu landpósta	200.000 kr.
----------------	------------------------	-------------

Áframhaldandi þróun safnsins um sögu landpóstanna á Vopnafirði er markmið verkefnsins. Stefnt er að því að festa kaup á tölvubúnaði og leigja/kaupa dróna til að mynda póstleiðina frá Vopnafirði og yfir í Víkingavatn. Ætlunin er að setja leiðina fram sem myndband sem gestir geta horft á í tölvu á safninu. Meginmarkmiðið er að renna frekari stöðum undir safnið og bæta upplifun gesta sem sækja það og Vopnafjörð heim.



Frá listahátíðinni List í ljósi á Seyðisfirði.

